

Aðalfundur 2009

Aðalfundur SFA 5. maí 2009

Húsinu, Eyrarbakka

kl. 18:00.

Mættir: 26

Formaður SFA, Erla Kristín Jónasdóttir, setti fundinn og minntist þess að í dag væri 10 ár síðan fyrstu lög SFA tóku gildi. Gerði síðan tillögu um Mörtu Hildi Richter sem fundarstjóra og Dóru Thoroddsen sem ritara. Samþykkt. Marta Hildur tók við fundarstjórn og gekk til dagskrár.

1. Skýrsla formanns.
EKJ rakti hverjir hefðu verið í stjórn SFA frá stofnun. Stjórnarfundir þessa stjórnarárs voru 6 og 2 félagsfundir voru haldnir. Formannsskipti voru á árinu.
2. Reikningsuppgjör.
Lilja Ólafsdóttir, gjaldkeri, fór yfir ársreikninga. Samþykktir.
3. Lagabreytingar engar.
4. Kosning formanns og stjórnar.
Núverandi stjórn gaf ekki kost á sér áfram. Stungið var upp á Mörtu Hildi Richter, Pálínu Magnúsdóttur, Huldu Björk Þorkelsdóttur og Margréti Gísladóttur í næstu stjórn. Formaður kosinn Hulda Björk, aðrir í stjórn skipta með sér verkum. Hrafn Andrés Harðarson gerði athugasemd við að stjórnin hefði ekki auglýst eftir framboðum fyrir.
5. Endurskoðendur, Óskar Guðjónsson og EKJ verða það áfram.
6. Fjárhagsáætlun.
Lilja Ólafsdóttir gerði grein fyrir fjárhagsáætlun næsta árs og gerði tillögu um óbreytt félagsgjöld. Samþykkt hvort tveggja.
7. Önnur mál.
Margrét Ásgeirsdóttir fór fram á að öðrum málum yrpi frestað til morguns. Samþykkt.
Hulda Björk Þorkelsdóttir þakkaði traustið f.h. nýrrar stjórnar.

Fundi slitið kl. 18:45.